



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Textílmenntakennsla á Íslandi

Kennsluefni í textílmennt

Ingibjörg Ómarsdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2023

Textílmenntakennsla á Íslandi

Kennsluefni í textílmennt

Ingibjörg Ómarsdóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Educationis-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukenningar:
Kristín Margrét Jóhannsdóttir
Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2023

Titill: Textílmenntakennsla á Íslandi: Kennsluefni í textílmennt

Stuttur titill: Textílmenntakennsla á Íslandi

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Educationis-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2023 Ingibjörg Ómarsdóttir

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, bakkalárprófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 49 bls.

Akureyri, maí, 2023

Ágrip

Þetta verkefni er lagt fram til B.Ed.-prófs í kennarafræði við Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Markmiðið með verkefninu var að skoða hvernig textílmenntakennsla hefur þróast í tengslum við aðalnámskránnar með tilliti til námsefnis og hæfnismats auk þess að setja textílmenntakennslu í samhengi við grunnþætti menntunar. Verkefninu fylgir vefsíða þar sem textílmenntaverkefni fyrir öll aldurstig hafa verið uppsett, ásamt leiðbeiningum um textílmenntakennslu. Síðan er ætluð öllum kennurum sem koma að textílkennslu, hvort sem um er að ræða reynda textílmenntakennara eða nýliða í greininni en henni er þó fyrst og fremst ætlað það hlutverk að höfða til kennara sem hafa litla sem enga reynslu af því að kenna textílmennt. Textílmennt á að kenna samkvæmt aðalnámskrá og flokkast sem list- og verkgrein. Hins vegar á textílmennt það til að detta út úr stundaskráum þegar ekki eru kennarar til taks sem hafa nógu mikla reynslu af textílmennt eða vegna kennaraskorts. Með tilkomu þessarar vefsíðu ættu kennarar annarra greina að hafa aðgang að tilbúnum verkefnum og þannig getað gefið nemendum smá tilfinningu fyrir greininni.

Abstract

This essay has been submitted for a B.Ed. degree in teacher education at the Faculty of Education at the University of Akureyri. The goal with this essay is to investigate how textile teaching has developed in relation with the Icelandic main curriculum, specifically looking into study material, students' assessment, and its connection with the fundamental pillars of education. With the essay is a website, where ready-made textile projects for all ages have been put together, along with information about textile teaching. The website is meant for all textile teachers, whether they have lots of experience or are beginners, but the main goal is to aid teachers with little experience. According to the main curriculum, textile is supposed to be taught and is categorized under arts and crafts. However, the class tends to fall out of the timetable when the schools do not have experienced teachers or are short on staff. With this website, teachers from other departments will have access to ready-made assignments and are able to give students a small feel for the subject.

Tilvakað öllum þeim sem vilja víkka sjóndeildarhring nemenda.

Formáli

Ég vona að þetta verkefni geti stutt við áframhaldandi textílkennslu í grunnskólum landsins. Textílkennsla býður upp á svo margt fleira, en aðeins það að prjóna og sauma og hæfnin sem liggur að baki verkefna getur gefið nemendum svo margt. Því er von mín að verkefnin sem ég hef sett saman geti gefið nemendum ánægjuna af því að skapa eitthvað út frá sínu eigin hugmyndaflugi.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	1
2	TEXTÍLMENNT Í AÐALNÁMSKRÁM	3
2.1	ÞRÓUN TEXTÍLMENNTAR Í AÐALNÁMSKRÁM OG LÖGUM	3
	<i>NÁMSKRÁ FYRIR NEMENDUR Á FRÆÐSLUSKYLDUALDRI 1960.....</i>	<i>3</i>
	<i>AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 1976.....</i>	<i>5</i>
	<i>AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 1989.....</i>	<i>7</i>
	<i>AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 1999.....</i>	<i>9</i>
	<i>AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 2006.....</i>	<i>10</i>
	<i>AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 2011/2013</i>	<i>12</i>
	<i>SAMANTEKT</i>	<i>15</i>
2.2	GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR.....	16
	<i>SKÖPUN</i>	<i>16</i>
	<i>SJÁLFBÆRNI.....</i>	<i>19</i>
	<i>JAFNRÉTTI.....</i>	<i>20</i>
	<i>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ.....</i>	<i>22</i>
	<i>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI.....</i>	<i>23</i>
	<i>LÆSI</i>	<i>24</i>
	<i>SAMANTEKT</i>	<i>25</i>
3	TEXTÍLMENNTAKENningarINN	26
3.1	UPPSETNING SÍÐUNNAR	26
	<i>UM SÍÐUNA.....</i>	<i>27</i>
	<i>VERKEFNI.....</i>	<i>27</i>
	<i>TEXTÍLAÐFERÐIR</i>	<i>29</i>
	<i>BJARGIR.....</i>	<i>30</i>
4	LOKAORÐ	32
5	HEIMILDIR.....	33
	VIÐAUKI.....	35

Myndayfirlit


Mynd 1: Skapandi starf (Aðalnámskrá 1976, bls. 11).....	1
Mynd 2: Yfirlit um námsefni í hannyrðum (Aðalnámskrá grunnskóla 1976, bls. 29)	6
Mynd 3: Megininntak listgreina (Aðalnámskrá grunnskóla 1989, bls. 91)	7
Mynd 4: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af forsíðu vefsíðunnar „Textílmenntakennarinn“	26
Mynd 5: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af „Um síðuna“ frá vefsíðunni „Textílmenntakennarinn“	27
Mynd 6: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot tekið að verkefnum fyrir yngsta stig af síðunni "Textílmenntakennarinn"	28
Mynd 7: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af verkefninu Rúmfatadýr af vefsíðunni "Textílmenntakennarinn"	28
Mynd 8: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af PDF verkefnalýsingu um Rúmfatadýr.	29
Mynd 9: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af undirsíðunni Textílaðferðir af síðunni "Textílmennakennarinn"	29
Mynd 10: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af undirsíðunni Þýðingar af vefsíðunni "Textílmenntakennarinn."	30

1 Inngangur

List fyrir mörgum eru verk frá þekktum listamönnum sem seljast fyrir himinháar fjárhæðir. Einnig getur list verið fornt handverk sem er til sýnis á söfnum eða aldagömul verk eftir fræga menn. List og handverk er þó ekki bara eitthvað sem viðurkenndir listamenn setja upp á sýningum eða listviðburðum. List er allt í kringum okkur, í menningu okkar og hún mótar okkar daglega líf. Menn hafa notað list og listsköpun til tjáningar allt frá örófi alda og má finna sannanir þess í gegnum mannkynssöguna alla. Listsköpun er hluti af menningu okkar og mikilvægt er fyrir nemendur að kynnast því hvernig list hefur haft áhrif á menninguna í gegnum tíðina og bera það saman við aðra menningarheima (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 140-141).

Textílmenn, einnig þekkt sem handmennt, er verkgrein innan grunnskólanna. Margir tengja textíl eða handavinnu við þrjón, hekl og saum, en textílkennsla snýst um svo miklu meira en það. Með list- og verkgreinum kynnast nemendur fjölbreyttum vinnuaðferðum, þar sem þeir vinna með og þjálfa verkkunnáttu, sköpunargáfu, samhæfingu hugar og handa og nota þetta allt til þess að tjá sig á mismunandi vegu

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 141). Að þjálfa samspil hugar og handar er undirstöðuatriði þegar kemur að þroska og því mikilvægt að gefa nemendum tækifæri til þess. Mynd 1 sýnir á skýran hátt hvernig skapandi starf hefur áhrif á nemendur og hvernig það tengist inn á aðra þroskaþætti. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að nota öll skilningarvitin, ekki bara að hlusta og sjá og textílmenn getur gegnt þar mikilvægu hlutverki sé farið rétt að við kennslu (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 88-89).



Mynd 1: Skapandi starf (Aðalnámskrá 1976, bls. 11)

Ritgerðin byggist þannig upp að í kafla tvö er farið yfir fræðilegan hluta, þar sem horft er á hvernig textílkennsla hefur þróast í gegnum árin í aðalnámskránum. Þar er fyrst fjallað um námskrá fyrir nemendur á fræðsluskylduáldri árið 1960, en það var síðasta formlega námskráin áður en fyrsta aðalnámskráin kom út árið 1976. Aðalnámskrárnar eru síðan raktar alveg að nýlegustu námskránni 2011/2013. Eftir það eru grunnþættir menntunar skoðaðir, en sex hugtök voru formlega sett fram á sama tíma og nýjasta aðalnámskráin. Þetta eru hugtökin: Sköpun, læsi, heilbrigði og velferð, lýðræði, sjálfbærni og jafnrétti. Farið verður yfir hvern þátt og hvernig textílmenntakennsla tengist þeim. Kafli 3 snýr að vefsíðunni *Textílmenntakennarinn*, en það er síðan sem var gerð samhliða þessari ritgerð. Á vefsíðunni er að finna ýmis verkefni sem textílmenntakennarar geta notað, ásamt fræðslu um ýmsar textílaðferðir og upplýsingar og fræðslu um greinina.

Markmiðið með þessari ritgerð er að grafast fyrir og fræðast um hvernig textílkennsla hefur þróast í gegnum árin og hvernig markmið kennslunnar hafa breyst. Hvernig grein sem var upphaflega aðeins fyrir stúlkur og kennsla í hagnýtum hlutum, er nú kennsla fyrir alla og allan aldur, þar sem markmiðin í dag snúast aðallega um að kenna nemendum sköpunarfærni, í stað þess að kenna þeim einhverja ákveðna skyldutækni. Ritgerðin miðar við það að allir geti skapað og með því að kenna list- og valgreinar er unnið að því að þroska skapandi lausnaleit, sjálfstætt gildismat og hæfileika nemenda til þess að koma sköpun sinni í verk (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 140).

2 Textílmennt í aðalnámskrám

Áður en fyrsta formlega aðalnámskráin kom út árið 1976, höfðu kennarar fylgt námskrám og lögum sem höfðu áður verið gefin út og verður hér fjallað sérstaklega um námskrána 1960, sem var síðasta námskráin sem gefin var út fyrir formlegu aðalnámskrárnar. Hún var mjög stutt og einföld og var aðallega hugsuð sem stuðningur við kennara og hvað þeir ættu að kenna. Síðan kom fyrsta aðalnámskráin út 1976 og þar var farið mun ítarlegar í kennslu, hvernig ætti að vinna með nemendum og byggja upp sjálfstraust þeirra. Seinni námskrár, 1989, 1999, 2006 og sú nýjasta sem gefin var úr 2011/2013, fara enn dýpra í þetta og verða alltaf nákvæmari með tímanum um þá kennsluhætti, hæfniviðmið og markmið sem kennari á setja sér. Þessi kafli er yfirlit yfir innihald og breytingar á námskránni frá 1960 og aðalnámskránum sem á eftir komu.

2.1 Þróun textílmenntar í aðalnámskrám og lögum

Aðalnámskrár hafa breyst töluvert í gegnum árin og er textílmenntahlutinn þar engin undantekning. Stærstu sjáanlegu breytingarnar eru meðal annars afnám kynjaskiptingar 1976, en fram að því hafði handavinnu verið skipt niður á milli kynja, þar sem stúlkur lærðu handavinnu en strákar lærðu smíði. Önnur sjáanleg breyting varð þegar greinin fékk formlega heitið „Textílmennt“ í aðalnámskrá 1999, en fram að því hafði hún ætíð gengið undir nafninu „Handmennt“. Þá hefur innihald kennslunnar breyst töluvert í gegnum árin og það sem byrjaði sem kennsla fyrir stúlkur í að búa til hagnýta hluti fyrir heimilið, snýst núna meira um að efla sköpun, frumkvæði og hugmyndaflug nemenda og gefur þeim sem eiga erfiðara með bóklegt nám tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri 1960

Fyrir árið 1960 var engin formleg námskrá sem kennarar og aðrir skólastarfsmenn gátu fylgt þegar kom að kennslu og starfstilhögun. Námskráin frá árinu 1960 var því leið til þess að koma einhverri reglu á skólakerfið og var fyrsta skrefið í átt að formlegu aðalnámskránum sem komu

síðan á eftir, sú fyrsta 1974. Þessi námskrá náði yfir alla nemendur á fræðsluskilyldualdri, sem á þessum tíma var 7-14 ára. Með henni fengu kennarar og aðrir skólastjórnendur nákvæmari upplýsingar um hvernig þeir ættu að ramma inn skólastarfið og hvaða markmið þeir ættu að hafa í huga þegar þeir skipulegðu kennslu. Námskránni var skipt eftir námsgreinum og náði yfir móðurmál, skrift, reikning, áttahagafræði, kristinfræði, sögu og félagsfræði, landafræði, náttúrufræði, dönsku, ensku, handavinnu stúlkna, handavinnu drengja, matreiðslu og hússtjórn, teikning, tónlist og íþróttir (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 3, 5).

Eins og áður kom fram, var handavinnu skipt í handavinnu stúlkna og handavinnu drengja, en síðan var báðum handavinnuköflunum skipt niður eftir aldri á svipaðan hátt. Þegar kom að handavinnu stúlkna var aðalmarkmiðið að „æfa hug og hönd nemendanna og kenna þeim að bera virðingu fyrir líkamlegri vinnu“ (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 53). Einnig áttu stúlkurnar að læra að meta virði handgerðra hluta, hvort sem þeir voru til gagns eða skrauts, læra að vanda vinnubrögð og byggja með sér smekkvísi. Hugmyndir að verkefnum, sem skipt var niður eftir aldri, voru meðal annars þau að sjö og átta ára stúlkur áttu að vinna með pappír eða leir; níu ára áttu þær að læra saumspor og einfalt prjón; tíu ára áttu þær að læra að prjóna með tveim prjónum og hekla, auk þess sem þær áttu að læra undirstöðuatriði saumavéla; ellefu ára áttu þær að læra að prjóna með fimm prjónum, laga villur í prjóni, prjóna vettlinga og húfur og læra nánar á saumavélar; tólf ára áttu þær að læra þær flóknari aðferðir í prjóni og undirstöðuatriði í fatasaum. Þegar kom að unglingsstiginu (13-14 ára), var nemendunum skipt í tvo bekki. Fyrsti bekkurinn átti að læra nánar á saumavélar, enn flóknari prjónaskap og útprjón og í seinni bekknum áttu stúlkur að læra að laga og smyrja saumavélar ásamt þyngri verkefni í fatasaum. Í gegnum árin voru gerðir ýmsir nothæfir hlutir, eins og pokar, koddaver, svuntur, föt og fleira, sem allt átti það sameiginlegt að gagnast heimilunum (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 53-54).

Handavinna drengja var með öðru sniði. Sem dæmi má nefna leirvinnu, pappírsvinnu og bastvinnu, en þessir hlutir eiga að jafnaði heima í myndmennt í nýrri aðalnámskrám. Það var ekki farið djúpt í svokallaða textílkennslu, en það eina sem þeir áttu að læra í þeim dúr var að kunna að gera við föt á einfaldan hátt með nál og tvinna og sem dæmi um þannig vinnu má nefna það að festa tölur eða laga lítil göt. Restin af handavinnu drengja fól í sér smíðakennslu, þar sem þeir lærðu að búa til leikföng og ýmsa nytjahluti (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 55-56). Hægt er að lesa í samfélagshætti þess tíma þegar námskráin er rituð, þar sem konur

áttu að sjá um heimilið og allt sem þær unnu að átti að nýtast þeim eða heimilinu. Á hinn bóginn áttu drengirnir að geta séð heimilinu fyrir húsgögnum og öðrum nytjahlutum, en fengu þó að gera leikföng og aðra hluti sem höfðu þann eina tilgang að skemmta.

Aðalnámskrá grunnskóla 1976

Fyrsta „Aðalnámskráin“ er frá árinu 1976 og í henni var ítrekað að skólar ættu að stefna að því að afnema kynjaskiptingu nemenda og einnig voru þar settar fram mun ítarlegri leiðbeiningar en áður hvað varðaði markmið náms og kennslu. Henni var skipt niður í nokkur hefti; eðlis- og efnafræði, erlend mál, heimilisfræði, kristinfræði, líffræði, móðurmál, mynd- og handmennt, samfélagsfræði, skólaíþróttir, stærðfræði og tónmennt (Aðalnámskrá grunnskóla, 1976, bls. 1). Heftið „Mynd- og handmennt“ var gefið út 1977 og í því er farið yfir námsmarkmið í myndmennt, smíði, teiknun og hannyrðum (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977, bls. 1).

Námskráin ítrekaði mikilvægi þess að efla hugmyndaflug nemenda, byggja upp sjálfstraust þeirra og sjálfstæði í allri handavinnu, ásamt því að markmið kennarans ætti að vera að virkja áhuga nemenda á námsgreinunum. Unnið var að þessum grunni með yngstu krakkana, en þar var markmiðið að læra grunnvinnubrögð greinarinnar, eins og að kenna þeim einfaldan vefnað og einfaldan saum með mismunandi garni. Þannig var unnið að því að sýna þeim hver geta þeirra væri og þannig byggt upp frumkvæði, tjáning og sjálfstraust í greininni, enda eru fyrstu árin hvað mikilvægust fyrir viðhorf nemenda til námsins (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977, bls. 2, 18-20).

Í námskánni var því næst fjallað um hvað kennarar eigi að hafa í huga þegar hannyrðir eru kenndar, hvað séu rétt vinnubrögð, hvaða áhöld eigi að nota, hugmyndir að kennslu og hvernig verkefni væri hægt að leggja fyrir. Í frjálsum saum var mælt með því að nota eitthvað úr nánasta umhverfi nemendanna og fá þá til þess að tjá hugmyndir sínar með því að teikna sjálfir það sem þeir áttu síðan að sauma út og er það stór breyting frá fyrri námskrá, þar sem mikil áhersla var lögð á smekkvísi. Síðan er farið í það hvernig eigi að þyngja kennslu smám saman þegar kemur að efnisvali, vandvirkniskröfum og aðferðum. Uppsetningin er svipuð hvað varðar vefnað, en þar er meira farið í hugmyndir að verkefnum sem nemendur geta byrjað á og mismunandi aðferðir sem hægt er nota ásamt leiðbeiningum (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977, bls. 21, 24-25).

Eftir útskýringar á því hvernig eigi að kenna yngstu nemendum og byggja upp sjálfsöryggi þeirra í hannyrðum, var farið ítarlega yfir það hvernig ætti að kenna 3.-9. bekk og sjá má þá útlistun á Mynd 2. Eins og sést á Mynd 2, er áhersla á útsaum öll árin í skóla, en frá 3. bekk var byrjað að fara í hekl, prjón, efnisfræði og vélsaum og þegar nemendur urðu enn eldri bættust við fatasaumur og hnýtingar. Í námskrá er tekið fram að markmiðið sé að nemendur læri að setja saman sinn eigin fatnað ásamt hlutum sem gætu nýst heimilinu og geti þeir þannig nýtt tómsundaiðju sína á jákvæðan hátt. Hnýtingar voru þó aðeins í boði sem valáfangi fyrir 7.-9. bekk og það sama gilti um flóknari útsaum, fatasaum og sniðgerð, en markmiðið var að nemendur myndu hafa val um hvernig þeir vildu auka þekkingu sína (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977, bls. 28, 34, 58).

Yfirlit um námsefni í hannyrðum

Bekkur								
6 ára	Mynd og handmennt	Útsaumur	Hekl	Prjón	Vélsaumur	Fataasaumur	Hnýtingar	Vörukynning – Efnisfræði
1								
2	Tengsl við aðrar námsgreinar							
3								
4								
5								
6								
7								
8								
9								

Mynd 2: Yfirlit um námsefni í hannyrðum (Aðalnámskrá grunnskóla 1976, bls. 29)

Þegar kom að kennslunni sjálfri áttu nemendur að fá tækifæri til þess að hafa áhrif á verkefnaval sitt til þess að byggja frekar upp áhuga. Auk þess var talið mikilvægt fyrir nemendur að fá að taka þátt í öllu ferli verkefnanna og byggja þannig upp fagleg vinnubrögð. Mikil áhersla var lögð á efnisfræði og á hverju ári var eitt efni tekið fyrir, þar sem horft var á eiginleika, ræktun og hvernig það var unnið. Efnin sem átti að fara yfir voru: Ull, bómull, silki og hör. Líkt og í námskránni frá 1960 voru flóknari aðferðir kenndar í öllum greinum eftir því sem nemendur urðu eldri, en í aðalnámskránni frá 1977 var einnig lögð áhersla á að taka yfirlit á getu nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977, bls. 30, 33-34).

Við verkefnaval fyrir fyrstu tvö árin í grunnskóla, er aftur ítrekað að nemendur læri að vinna út frá eigin hugmyndum á meðan þeim eru kenndar grunnaðferðir handmenntar. Dæmi um grunnaðferðir eru: Einföld útsaumsspor, flétta og að hnýta snúrur. Einnig ættu kennarar að kenna nemendum grunnhandtök á saumavélar og einföld vefnaðarverkefni, en aðalmarkmiðið er að hafa einföld og stutt verkefni, þannig að nemendur hafi fljótt eitthvað áþreifanlegt í höndunum þar sem þeir sjá hvað þeir hafa lært og búið til og ná þá að uppskera árangur erfiðis síns (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 98).

Þegar kemur að þriðja bekk og upp úr er aðanámskráin nákvæmari um markmið kennslunnar, þar sem ítrekað er að kenna nemendum gildi handavinnu í tengslum við íslenska og erlenda sögu. Einnig er markmið kennslunnar að viðhalda aldagömlum hefðum og aðferðum í íslenskri handavinnu og þannig er lögð áhersla á að kenna nemendum rétt vinnubrögð og hvernig eigi að nota viss verkfæri og tól. Ítrekað er að byggja eigi upp áhuga nemenda með því að útbúa fjölbreytt verkefni þar sem tekið er mið af getu og hæfni nemenda, ásamt tíma líðandi stundar (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 93-94).

Verkefnaval í 3.-5. bekk byggist á því að nemendur læri á alla þætti saumavéla, byrji að læra að sníða, undirstöðuatriði þrjóns og áframhaldandi kennslu í útsaum og mynsturgerð. Í 6.-8. bekk á síðan að halda áfram með þessi atriði þar sem flóknari aðferðir eru kenndar og þá er einnig farið að leggja meiri áherslu á fatasaumskennslu. Þegar kemur að unglिंगastiginu er áframhaldandi nám í handmennt í boði sem valgrein, þar sem nemendur halda áfram að auka við sig þekkingu í þessum efnum (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 99, 101-102).

Á þessum árum er einnig lögð rík áhersla á að kenna nemendum efnisfræði, þar sem nemendur læra um þau efni sem þeir eru að vinna með hverju sinni, svo sem muninn á gerviefnum og náttúrulegum efnum, hvernig eigi að velja hvaða efni skuli nota og hvernig eigi að meðhöndla þau. Nemendum er einnig kennt að reikna efnisþörf og kostnað í verkefnum og út frá því íhuga notagildi og verðmæti verkefnanna. Þannig er nemendum kennt að fara sparlega með allt það efni sem þeir vinna með, í þeim tilgangi að þeir verði hagkvæmir og nýtnir (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 92, 94, 99).

Aðalnámskrá grunnskóla 1999

Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1999 var skipt í 12 hefti: Almennan hluta, íslensku, stærðfræði, erlend tungumál, heimilisfræði, íþróttir- líkams- og heilsurækt, listgreinar, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt og kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. Uppsetning listgreinanámskrárinnar var töluvert frábrugðin fyrri námskrám. Tónmennt, leikrænni tjáningu og dansi hafði verið bætt við og smíði var núna flokkuð með upplýsinga- og tæknimennt í stað listgreina. Einnig var í fyrsta skipti notað hugtakið textílmennnt í stað handmennt, ásamt því að greinasviðið var kallað listgreinar í staðinn fyrir mynd- og handmennt (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, bls. 3-4).

Uppsetning textílmennntakaflans kom inn á svipuð viðfangsefni og í fyrri námskrám, en þó eru nokkrar augljósar breytingar frá fyrri árum. Farið er yfir tengingu hannyrða við íslenska sögu og menningararfinn sem liggur þar að baki, gagnsemina að geta búið til hluti, ásamt því að gera við gamla hluti þannig að hægt sé að nýta þá lengur og hvernig hönnun er hluti af samfélaginu okkar. Aftur á móti er í þessari námskrá einnig farið inn á mikilvægi þess að kenna nemendum hvernig eigi að fara með efni með endurnýtingu, mengun, sóun og endurvinnslu í huga, þar sem umhverfið er orðið vaxandi umhugsunarefni (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, bls. 33-34)

Þegar kemur að náminu sjálfu er enn ítrekað að kennarar eigi að vinna með forsendur nemendanna í huga, þar sem unnið er út frá þroska, getu, áhuga og hugmyndum þeirra og samhliða byggð upp fagleg vinnubrögð, sköpunargleði og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Önnur nýjung í þessari námskrá er hvernig ætlast er til að tölvur séu notaðar við gerð munstra og sniða, ásamt upplýsingaleit (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, bls. 34). Þannig er þróun textílkennslu í takt við breytta tíma með tilkomu tölvunnar og internetsins.

Ein stór breyting á uppsetningu þessarar námskrá frá þeim fyrri er hvernig námsmatinu er skipt niður. Áður fyrr var námsmat byggt á mati kennara, þar sem ítrekað var hvað þeir þyrftu að taka til greina, eins og hvernig nemendur tileinkuðu sér námsefnið, útlit verkefna, getu og bakgrunn hvers nemenda, samvirkusemi og fleiri þætti sem eru persónubundnir (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 104). Í aðalnámskránni frá 1999 er námsmatið orðið nákvæmara og skipt í þrennt: Lögmál og aðferðir greinarinnar, félagslegt og sögulegt samhengi og fagurfræði og rýni. Eru þessi þrepamarkmið síðan sett upp fyrir hvert ár frá 1. til 10. bekkjar (Aðalnámskrá

grunnskóla, 1999, bls. 35) og svipar til þeirra áfangamarkmiða sem þekkjast í nýlegustu aðalnámskrá dagsins í dag, þar sem þeim er skipt niður fyrir 4., 7. og 10. bekk.

Ef horft er nánar á áfangamarkmið aðalnámskrár 1999, þá þyngjast þau eftir því sem nemendur verða eldri. Lögmál og aðferðir innihalda markmið sem tengjast grundvallarhandbrögðum textíl, sem ætlast er til þess að nemendur nái tökum á og innifalið í því eru form- og litafræði, efnisfræði textílefna, hönnunarferli og að lokum handbrögð og tækni í öllum þeim greinum sem falla undir textíl. Sögulegt og félagslegt samhengi vinnur út frá því að nemendur læri hvernig textíl og hönnun hafa þróast út frá tengingu við sögu og menningu í gegnum árin, ásamt því að læra inn á hvernig textíl nýtist í daglegu lífi og hvaða hlutverki það gegnir, hvort sem er efnahagslegt eða félagslegt. Fagurfræði og rýni byggjast á færninni að geta skynjað, metið og greint gildi handverks út frá persónulegum skoðunum og öðlast getuna til þess að fjalla um handverk og hönnun út frá eigin hugmyndum (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, bls. 37-38).

Aðalnámskrá grunnskóla 2006

Aðalnámskrá 2006 var einnig skipt niður í minni rit eftir fögum og var listgreinaheftið gefið út árið 2007. Það sem flokkaðist undir listgreinar var: Myndmennt, textílmenn, tónmennt, leikræn tjáning og dans. Fyrir hverja undirgrein listgreina var farið yfir nám og kennslu, námsmat, lokamarkmið, áfangamarkmið og að lokum þrepamarkmið. Innganginum um listgreinar svipar til sambærilegra kafla í fyrri námskrám, þar sem fjallað er um hvernig listgreinar stuðla að alhliða þroska nemenda, þar sem þær notast við fjölbreyttar aðferðir og beitingu skynfæra. Námskráin ítrekar einnig mikilvægi þess að byggja upp sköpunargáfu og hvetja nemendur til þess að nýta listgreinar sem leið til þess að endurspegla hugmyndir og tilfinningar sem er erfitt að setja fram í orðum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, bls. 5-6).

Nám og kennsla í listgreinum snýst um að byggja upp sköpunargáfu og sjálfsvitund nemenda og tengja það við menningu fortíðar og nútíðar og hvernig listin hefur áhrif á okkar daglega líf. Kennari þarf að taka mark á forsendum, þroska og áhuga nemenda og búa til tækifæri þar sem þeir læra sjálfstæð og öguð vinnubrögð á meðan þeir læra að skapa og móta verkefni eftir eigin hugmyndum. Enn frekar er námi og kennslu skipt í tvo flokka af færnisþáttum: *Sköpun, túlkun og tjáning og skynjun, greining og mat*. Í sköpun, túlkun og tjáningu er sett fram það markmið að nemendur fái tækifæri til að nota fjölbreytilegt úrval efnis

og gagna við sköpunarvinnu sína. Í skynjun, greiningu og mati er aftur ítrekað mikilvægi þess að nemendur tengi textíl við menningarlegt samhengi og þeir öðlist hæfnina til þess að skynja, skilgreina og meta handverk og hönnun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, bls. 7-8, 17).

Námsmat í listgreinum er flókið viðfangsefni, þar sem listræn færni er ekki eins á milli einstaklinga, ásamt því að það er í mörg horn að líta og vandmeðfarið hvað eigi nákvæmlega að meta. Aðalnámskráin um listgreinar frá 2007 fer mun dýpra í það hvernig eigi að haga námsmati í þessum greinum en gert var í fyrri námskrám og er einblínt á það að kennsla í listgreinum eigi að stuðla að aukinni sköpun, fjölbreyttari túlkunaraðferðum og verklagi nemenda. Til þess að ná þessu fram er mælt með mun meira símati og sjálfsmati nemenda en áður, en símat var viss nýjung frá fyrri námskrám, þar sem sú nálgun hafði ekki mikið verið skoðuð eða nefnd. Þegar horft var á símatið var mælt með því að kennarar horfðu mest á framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni nemenda. Hvernig kennarar færu að því að afla þessara upplýsinga var síðan undir þeim komið og kom námskráin með ýmsar hugmyndir um hvernig væri hægt að nálgast þær. Aðalatriðið væri að námsmatið væri jákvætt og uppbyggjandi, á þann hátt að nemendur fengju leiðbeiningar út frá stöðu verkefna og að þeir gætu fylgst með eigin framförum. Því var ítrekað að æskilegt væri að láta nemendur vinna einhvers konar sjálfsmat til þess að þeir myndu ná að meta eigin frammistöðu, færni, árangur og framfarir og þannig ýta undir að þeir bæru meiri ábyrgð á eigin námi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, bls. 8, 17-18).

Lokamarkmið í textílmennt vísa í heildarmarkmið sem ætlast er til að nemendur nái í lok námskeiðsins og er þeim skipt niður í þrjá hluta: *Lögmál og aðferðir, sögulegt og félagslegt samhengi og að lokum fagurfræði og rýni*. Í lögmál og aðferðir snúast markmiðin um að fara yfir þau grundvallarlögmál hannyrða sem nemendur ættu að vera búnir að ná á vissum tím punkti. Undir það falla: Form- og litafræði, efnisfræði textíla, hönnunarferli og að lokum færni í þeim aðferðum tengdum þróni, saumi, vefnaði og öðru sem fellur undir textílmennt. Sögulegt og félagslegt samhengi horfir á hvernig nemendur hafi náð að tengja textíl við menningarlegt samhengi, þá sérstaklega í tengslum við íslenska sögu og heimilisiðnað og hvort þeir kunni skil á helstu dýrgripum úr íslenskri textílsögu. Markmið í fagurfræði og rýni horfir á hvernig og hvort nemendur geti fjallað um handverk á gagnrýninn hátt og hafi mótað sínar eigin hugmyndir um eðli handverks og átti sig á gildi handverks og hönnunar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, bls. 16, 18-19).

Áfangamarkmið fara enn nánar í markmiðin sem nefnd voru í lokamarkmiðum, en núna er þeim skipt niður í þrjá aldursflokka, þar sem ítarlegri markmið eru sett fram. Aldursflokkunum er skipt í: Yngsta stig (1.-4. bekkur), miðstig (4.-7. bekkur) og unglingastig (8.-10. bekkur). Uppsetningin er mun nákvæmari en í fyrri námskrám og meira horft á hvaða markmiðum hvert stig ætti að hafa náð á vissum tímapunkti og hvert lokamarkmið tengt við flokkana sem nefndir voru í námi og kennslu: *Sköpun, túlkun og tjáning og skynjun, greining og mat*. Markmiðunum fyrir yngsta stig svipar til fyrri ára, en þar er ítrekað hvernig nemendur eigi að fá tækifæri til þess að nota eigin hugmyndir til þess að stuðla að frumkvæði, áhuga, vinnugleði og auknum skilningi á því sem fellur undir textílmennt. Einnig er markmiðið að kenna nemendum á einföldustu áhöld sem tengjast greininni. Áfangamarkmið fyrir miðstig snúast um að byggja upp áhuga nemenda á greininni með því að kenna þeim á hönnunarferli, ásamt því að fá kennslu í notkun á helstu tækjum og áhöldum greinarinnar. Nemendur eiga líka að kunna að fara eftir uppskriftum og sýna dýpri þekkingu á sjálfbærni tengdri textílmennt. Unglingastiginu svipar til fyrri námskráa, þar sem það er valáfangi eftir 8. bekk. Í fyrri námskrám var ætlast til þess að nemendur dýpkuðu þekkingu sína á vissum viðfangsefnum innan textílkennslu, sérstaklega útsaum, saumavél eða þrjóni. Í þessari aðalnámskrá er ekki ætlast til þess að nemendur sérhæfi sig í einhverjum þætti textílmenntar, heldur er ætlast til þess að þeir læri sjálfstæð vinnubrögð og fái tækifæri til þess að þróa eigin hugmyndir út frá fyrri þekkingu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, bls. 16, 19-22)

Þrepamarkmið er síðan aukakafli í heftinu, sem vísar í markmið og viðfangsefni sem geta gagnast til þess að ná loka- og áfangamarkmiðunum og þar er markmiðunum skipt niður eftir hverjum árgangi. Þar eru hugmyndir um að kennsluefni sé skipt nákvæmar niður og þó að bein verkefni séu ekki gefin og ramminn sé frekar víður, hjálpar það kennurum að skipuleggja kennslu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007, bls. 16, 58).

Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013

Nýjasta aðalnámskráin var gefin út í tveim hlutum. Almenni hlutinn kom út árið 2011. Greinasviðið kom síðan út árið 2013 og í þeim hluta er búið að setja upp heilan kafla sem tileinkaður er list- og verkgreinum. Sviðslistir, sjónlistir og tónmennt falla undir listgreinar, en heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt falla undir verkgreinar. Þessi kafli er mun ítarlegri en í fyrri námskrám og er fjallað um menntagildi, tengsl við grunnþætti menntunar, megintilgang, hæfniviðmið sem nemendur eiga að hafa náð í lok 4., 7. og 10. bekkjar og að

lokum er fjallað um kennsluhætti og námsmat. Allar list- og verkgreinar hafa sameiginleg hæfniviðmið í menningarlæsi, þar sem meðal annars er stefnt að því að kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, samvinnu og gagnrýna hugsun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 139-142).

Verkgreinar, eins og kom áður fram, ná yfir heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmenn og er markmið námskránna að þessar greinar séu kenndar á öllum aldurstigum grunnskólanna. Menntagildi þessara verkgreina er sameiginlegt og vinnur að því að undirbúa nemendur undir daglegt líf og takast á við umhverfið, með því að gefa þeim tækifæri til þess að nota ímyndunarafl og sköpunargáfu. Þannig þjálfast nemendur í því að leita lausna á vandamálum og beita gagnrýnni hugsun og verða um leið sjálfstæðari í verki, jafnt því að byggja upp sjálföryggi. Kennari verkgreina þarf að stuðla að jákvæðu viðhorfi til verklegrar vinnu, að nemendur öðlist getu til að leysa vandamál og þjálfari eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Þannig byggir kennari nemendur upp til þess að takast á við lífið og frekara nám (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 151-152).

Hæfniviðmið fyrir textílmenn vinna með svipaða þætti og fyrri námskrár, þar sem ætlunin er að þjálfar nemendur á fjölbreyttum sviðum textílvinnu, þroska samhæfingu hugar og handar og að þeir átti sig á hvernig textíl tengist umhverfi, menningu og nýsköpun. Hæfniviðmiðunum er skipt í þrjú flokka: *Handverk, aðferðir og tækni, sköpun, hönnun og útfærsla og menning og umhverfi*. Öll hæfniviðmiðin eru opin og þannig sett upp að kennarar geti valið hvaða leiðir þeir vilji fara og hvernig þeir vilji nálgast viðfangefnin (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 158).

Handverk, aðferðir og tækni-flokkurinn snýst um að stuðla að þekkingu nemenda á fjölbreyttum efnum og aðferðum sem tengjast textílmenn. Efnisfræði er stór hluti af þeim flokki, þar sem nemendur eiga að fá tækifæri til þess að læra að vinna úr fjölbreyttum efnum og átta sig á mismun þeirra á þann hátt að þeir geti sjálfir rökstutt hvaða efni þarf eftir viðfangsefni. Nemendur eiga einnig að öðlast verkfærni og hvernig eigi að beita tækjum greinarinnar rétt og þá er markmiðið að nemendur geti unnið eftir uppskriftum og sniðum, tekið mál, áætlað stærðir og þar með efnisþörf (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 158-159).

Sköpun, hönnun og útfærsla snýst um þá þætti greinarinnar sem snúa að sköpun, hönnun- og hugmyndarvinnu. Markmið innan þess flokks er að nemendur geti beitt skapandi og gagnrýnni hugsun þegar þeir þróa sínar eigin hugmyndir og læri að skreyta verkefni sín á

persónulegan hátt. Nemendur þurfa að öðlast skilning á vinnuferlum, geta lagt mat á eigin vinnubrögð og skilið hugtökin sem greinin notast við. Einnig er markmiðið að nemendur öðlist hæfni til að afla sér upplýsinga um allt sem tengist textílsögu og að þeir geri sér grein fyrir gildi handverks (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 158-159).

Menning og umhverfi snýr að skilningi nemenda á því hvernig menning og umhverfi tengist inn í textílheiminn. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur geti sagt frá íslensku hráefni, tengt það við söguna og geti unnið úr því. Einnig er áhersla lögð á að nemendur þekki muninn á náttúruefnum og gerviefnum og þekki helstu tákni og merkingar efna. Rík áhersla er lögð á að nemendur læri hvernig textílefni eru unnin og hvaða efni eru best í tengslum við sjálfbærni og umhverfisvernd, ásamt því að nemendur læri hvernig hægt sé að nýta endurunnin efni samhliða nýjum þegar kemur að textílvinnu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 158, 160).

Kennsluhættir og námsmat er sameiginlegur hluti fyrir list- og verkgreinar. Þar er ítrekað að kennsluhættir hvorrar greinar eigi að mótast af því vinnulagi að nemendur vinni með skapandi verkefni, þar sem markmiðið er hagnýt og fagurfræðileg lausnaleit. Fjórir þættir vefast saman þegar kemur að áherslum í þessum greinum: Þekkingaröflun, framkvæmd, greining og samhengi. Þekkingaröflun, einnig þekkt sem hugmyndavinna, snýr að upplýsingaöflun nemendanna. Þeir eiga að fá tækifæri til þess að kanna, prófa, læra, rannsaka, forma og fleira, sem byggir upp sjálfstraust þeirra til viðfangsefnisins og einnig til þeirra eigin hugmynda. Framkvæmd vísar í þær aðferðir sem nemendur læra til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri. Greining vinnur með dýpri skilning á námsefninu, þar sem nemendur læra að tjá sig um, bera saman og ígrunda viðfangsefnin. Síðasti flokkurinn, samhengi, byggist á því að nemendur geti tengt allt sem þeir hafa lært við menningu, persónulega upplifun eða félagslegt samhengi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 160-161).

Allir þessir þættir fléttast saman í hæfniviðmiðum hvorrar námsgreinar, þar sem meira er lagt á nemendur eftir því sem þeir eldast. Nám í listgreinum er kerfisbundin þjálfun sem byggist smám saman upp og stór breyting frá fyrri námskrám er að hvergi er nefnt sérstaklega þrjón, hekl, saum eða aðrar undirgreina textílmenntar. Í þessari námskrá er meira horft á það að gefa nemendum tækifæri til þess að nota öll skilningarviti í náminu og fá að prófa sig og sínar hugmyndir áfram á sínum eigin forsendum. Textílmenntakennsla og aðrar list- og verkgreinar í grunnskólum nútímans snúast þannig meira um að nemendur læri sjálfstæð

vinnubrögð, samvinnu og fjölbreyttar vinnuaðferðir (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 161-162).

Námsmat í list- og verkgreinum er fjölbreytt og fer það eftir kennurum hvernig þeir vilja meta nemendur. Hins vegar er stungið upp á frammistöðumati, sjálfsmati eða jafningjamati, þar sem horft er á frammistöðu og framfarir nemenda í greininni frekar en einhver föst viðmið. Sjálfmat er mjög góð leið til námsmats í listgreinum, þar sem það hjálpar einnig nemandanum að ná markmiðum sínum, gera sér grein fyrir því hvar styrkleikar hans liggja og einnig hvar hann gæti bætt sig. Fremur er mælt með jafningamati þegar hópvinna er annars vegar og fer það eftir kennsluháttum hvers kennara hvort það eigi við í textílmennt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 162).

Samantekt

Ljóst er að aðalnámskrárnar hafa breyst töluvert í gegnum árin. Til að byrja með var litið á námið með mjög fræðilegum hætti, þar sem aðallega var horft á hvað nemendur áttu að kunna við lok hvers árs. Dæmi um það voru öll handavinnuverkefni sem stúlkur áttu að gera samkvæmt námskránni 1960. Það breyttist þegar fyrsta aðalnámskráin kom út árið 1974, þar sem kynjaskiptingin var afnumin. Þó að enn væri lögð áhersla á þrjón, hekl, vefnað, saum og útsaum, var ekki jafn stranglega tiltekið hvað nemendur ættu að gera, en frekar horft á hvaða aðferðir nemendur ættu að tileinka sér. Þessi þróun hélt áfram í næstu aðalnámskrá sem gefin var út árið 1989. Stærsta breytingin varð þegar aukin áhersla var lögð á það hvernig námið ætti að vera miðað út frá nemandanum og á það að veita þeim tækifæri til að skapa út frá eigin hugmyndum en áður var. Þar var hvergi minnst á hekl sem einn af áhersluþáttum námsins. Textílmennt varð formlegt heiti fyrir greinina árið 1999 og þar var enn meiri áhersla lögð á nám út frá forsendum nemenda. Sú krafa varð síðan enn háværara í næstu aðalnámskrám þar á eftir (2006 og 2011/2013) þar sem einnig var farið að leggja meiri áherslu á að kenna nemendum að fara sparlega með efni og nýta gamla eða ónýta hluti. Þessi áhersla hefur bara vaxið í gegnum árin og er orðinn stór hluti af sjálfbærni í textílmennt í dag. Aðalnámskráin frá 2006 kom fyrst með viss hæfniviðmið sem kennarar ættu að stefna að, í stað ákveðinna verkefna. Þessi hæfniviðmið voru síðan sett mun skýrar fram í nýjustu aðalnámskránni 2011/2013, þar sem lögð var rík áhersla á að kennsla byggðist út frá nemendum. Það er ein stærsta breytingin í

gegnum árin og kennsla í dag á að byggja upp nemendur í heild, ekki aðeins bóklega og fræðilega hluta, með því að vinna út frá grunnþáttum menntunar.

2.2 Grunnþættir menntunar

Hugtakið grunnþættir menntunar vísar í þá sex meginþætti sem mynda kjarna menntastefnunnar og skólar eiga að stuðla að og vinna út frá. Þættirnir eru *sjálfbærni, sköpun, læsi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og lýðræði og mannréttindi*. Ætlast er til að þessir þættir séu hafðir til hliðsjónar þegar námskrár og kennsluefni er útbúið og þar á meðal textílmennt, enda eiga þættirnir að ná inn á allar hliðar námsins. Grunnþættirnir snúast ekki aðeins um aðalgreinar skólanna, eins og íslensku og stærðfræði, heldur einnig um að byggja nemendur upp andlega jafnt sem líkamlega og gefa þeim tækifæri til þess að tengja betur við umhverfi sitt, náttúru og menningu samhliða náminu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 16).

Allir grunnþættirnir samtvinnast á einn eða annan hátt að því leyti að ef einn vantar, þá vantar eitthvað í þá á alla, en samt hefur hver og einn þeirra sitt sérkenni. Því er mikilvægt að byggja upp alla grunnþættina í öllu skólastarfi, hvort sem það er í verkefnum, kennslustundum, áföngum eða öðru. Hver grunnþáttur hefur samt mismikil áhrif á milli faga og hér fyrir neðan má sjá hvernig hver og einn grunnþáttur tengist eða getur tengst textílkennslu.

Sköpun

Sköpun í sinni einföldustu mynd er að búa til eitthvað nýtt. Að vinna með eitthvað og nota fyrri þekkingu til þess að úr verði eitthvað annað. Sköpun er byggð upp af forvitni og áskorun, að vilja uppgötva eitthvað nýtt, leyfa ímyndunaraflinu að fara af stað og að finna nýjar lausnir í vandamálum. Þó svo að sköpun í almennum skilningi sé tengd verkgreinum og skyldum greinum, er hún og á að vera tengd skólastarfinu öllu, þar sem hægt er að beita sköpun í öllu sem maður tekur sér fyrir hendur. Með því að byggja upp sköpunarþrá í nemendum er verið að efla forvitni þeirra og frumkvæði, sem hjálpar þeim að þróa með sér gagnrýna hugsun þegar kemur að úrlausn viðfangsefna (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 24).

Sköpun snýst um það að brjóta niður hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og gefur þannig nýja sýn. Þannig er verið að leitast eftir sífellt nýjum möguleikum þegar gagnrýnin hugsun er byggð upp. Sköpun snýst líka um að nýta hugmyndir og upplýsingar sem þegar eru til staðar á annan hátt og þannig leita að nýjum möguleikum og lausnum (Aðalnámskrá

grunnskóla, 2013, bls. 24). Skapandi skólustarf á þannig að styðjast við fjölbreyttar kennsluáðferðir og vinnubrögð, þar sem nemendur geta sjálfir haft áhrif á það hvernig þeir vilja leysa verkefni og einnig að þeir hafi tækifæri til þess að móta skólustarfið. Skapandi skólustarf vinnur einnig með þekkingarleit og sköpunarferli, þar sem ýtt er undir forvitni og spurningar nemenda og þeir hvattir til þess að gera tilraunir og læra af mistökum sínum (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 7). Að virkja sköpunargleði nemenda er mikilvæg námsaðferð, þar sem hún gefur þeim kost á að njóta sín í náminu og finna not fyrir hæfileika sína (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 24). Skapandi skólustarf snýst einnig um að nota margvíslega miðla og tækni og reyna að finna nýjar leiðir til þess að nýta það sem þeir hafa aðgang að. Markmiðið er að nemendur geti notað fjölbreyttan efnivið og einnig að skólarnir hafi aðstöðu og rými sem býður upp á öðruvísi skólustarf, þar sem nemendum gefst tækifæri til þess að skapa og setja upp verkefni sín (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 7).

Skapandi hugsun þýðir ekki að nemendur eða aðrir þurfi að koma með einhverja snilldarhugmynd í hvert skipti eða uppgötva eitthvað meiriháttar. Skapandi og gagnrýnin hugsun vísar meira í þá færni að geta horft á hlutina frá ólíkum sjónarhornum og áttað sig á því að það eru oft fleiri en ein leið til þess að komast að niðurstöðu. Þessi tegund hugsunarháttar er lífsnauðsynleg mannkyninu og kæmumst við ekki af án hennar, þar sem nýjar hugmyndir og ný tækni byggjast á því að reyna að skapa eitthvað sem ekki var til áður og til þess þarf maður að öðlast hugrekki til þess að fara út fyrir þægindarammann og prófa sig áfram. Skapandi hugsun er einnig mikilvægt vopn fyrir kennara til þess að finna fjölbreyttar námsaðferðir sem eru í anda skóla án aðgreiningar. Sköpun er einnig nauðsynleg til þess að leysa úr mörgum vandamálum nútímans, eins og mengun, ofneyslu, hráefnaskorti og ýmsum siðferðilegum álitamálum. Til þess að leysa þessi vandamál þarf að koma með hugmyndir eða finna upp hluti sem eru ekki til í okkar nútíma og eina leiðin til þess að finna lausnir er að nota skapandi hugsun (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 9-10, 15).

Sköpunarferlið sjálft er á vissan hátt tvíþætt. Fyrri hlutinn snýr að því að kanna eðli einhvers hlutar sem verið er að taka fyrir, hvort sem það er skólaverkefni eða mengunarvandamál. Hluturinn er kannaður, séð hvað þarf að gera, hvað þarf að bæta og síðan höfuðið lagt í bleyti og reynt að finna ólíkar leiðir sem gætu leitt að niðurstöðu og kannað hvort þær gætu passað saman. Einnig fellur undir þetta að gera tilraunir, prófa sig áfram og sjá þá

hverju þyrfti að bæta við til þess að ná skilvirkri niðurstöðu. Síðari hlutinn af sköpunarferlinu vinnur með það að stíga aðeins til baka frá verkefninu, reyna að horfa á það frá fjölbreyttari sjónarhornum og einnig skoða hvað hefur þegar verið gert í svipuðum aðstæðum. Það er gert til þess að reyna að sjá hvort þurfi að breyta einhverju í verkefninu og einnig til þess að sjá hvort verkefni sé frumlegt, nýtilegt eða áhugavert. Þannig vinnur seinni hlutinn með gagnrýna hugsun (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 19).

Það gefur auga leið að grunnþátturinn *sköpun* á mikið erindi inn í textílkennslu, áfanga sem byggist upp á sköpun og list. Hins vegar er mikilvægt fyrir kennara að gera sér grein fyrir eðli sköpunar og gefa nemendur tækifæri til að hafa áhrif á sín eigin verkefni. Að láta nemendur vinna verkefni þar sem þeir fá litlu sem engu ráðið vinnur ekki með sköpun nemenda, heldur sköpun þess sem setti upp verkefnið. Nemendur verða að fá tækifæri til þess að nota eigið ímyndunarafli, þar sem þeir koma með sínar eigin hugmyndir um hvernig þeir vilji útfæra verkefni sín. Þannig er unnið meira með sköpunargleði nemenda sem jafnframt byggir upp gagnrýna hugsun þeirra, þar sem þeir þurfa að nota skynfæri sín til þess að prófa sig áfram og ákveða hvað þeim finnst líta vel út. Einnig er hugur barna mun frjórri en fullorðinna þegar kemur að hugmyndaflugi og því má gera ráð fyrir að verkefni verði mun flottari ef nemendur fá að hafa áhrif á niðurstöðuna (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 20-21).

Það er einnig mikilvægt að byggja upp frumleika í nemendum, þar sem þeim er ýtt út fyrir þægindarammann. Textílmennt gefur marga kosti á að æfa frumleika í börnum, þar sem hægt er að takmarka efnisúrval á marga vegu á þann hátt að nemendur þurfi að skapa eitthvað út frá efni sem þeir hefðu annars ekki valið. Það er hægt að gera þetta á margan hátt aftur og aftur í textílmennt, bæði með því að gefa þeim þröngan ramma um hvers konar aðferðir þeim gefst kostur á að nota. Einnig er hægt að velja bara „ljót“ efni eða aðeins óæskilega liti. Hugmyndir til þess að vinna með þennan þátt í textíl eru óendanlegar og er textíl því mikilvæg grein þegar kemur að sköpunargáfu nemenda (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 22-23).

Sjálfbærni

Sjálfbærni er hugtak sem er orðið stór hluti af nútímanum, þar sem unnið er að því að skila umhverfinu til afkomenda okkar í svipuðu eða betra ástandi en við tókum við því. Sjálfbær þróun er hugtak sem kemur frá hugtakinu sjálfbærni og vísar í þá þróun sem þarf til þess að breyta þjóðfélagi og gera það sjálfbært. Ætlunin er að færa þá hugmyndafræði inn í skólanna og kenna nemendum hvernig umhverfið, félagslegir þættir og efnahagur hefur allt áhrif á sjálfbæra þróun í samfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 19-20).

Umhverfið er hluti af okkur öllum, þar sem það er allt um kring og mikilvægt að kenna nemendum hve það skiptir miklu máli. Náttúran og vistkerfi hennar eru hluti af þessu umhverfi og eru auðlindirnar takmarkaðar. Því er nauðsynlegt að kenna nemendum að virða og skilja náttúruna og hvernig eigi að nýta auðlindir hennar án þess að ganga óhóflega á þær (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 20). Neysla mannkyns er farin að ganga á auðlindir heimsins og er mikilvægt að allar þjóðir heimsins leggi sitt af mörkum og grípi til víðtækra aðgerða til þess að komið sé í veg fyrir skerta möguleika komandi kynslóða. Sem dæmi þarf að leggja aukna áherslu á eflingu endurvinnslu, reyna að draga úr notkun á ónauðsynlegum umbúðum og nota orkugjafa sem menga ekkert eða sem minnst (Sigrún Helgadóttir, 2013, bls. 7, 11).

Framleiðsla og neysla eru hluti af hverju samfélagi og því er mikilvægt að kenna nemendum hvernig samfélag og efnahagur gengur fyrir sig og um leið kenna þeim á vistspor sitt. Þannig er hægt að koma þeim í betri skilning um hvernig gjörðir þeirra hafi áhrif á umhverfið og hvað þeir geti gert til þess að bæta vistspor sitt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 20). Allir hafa vissar grunnþarfir til þess að lifa, eins og hreint vatn og loft og næringarefni í réttum hlutföllum. Allt annað, eins og staðsetning og búseta, getur verið mismunandi og er mismunandi eftir menningarheimum. Eitt er þó víst, mannskepan er mjög aðlögunarhæf og er þeim eiginleika gædd að geta mótað lífshætti sína að umhverfinu og breytt hegðun sinni eftir því sem þarf (Sigrún Helgadóttir, 2013, bls. 12-13).

Því miður er textílframleiðsla ein af stóru skaðvöldunum þegar kemur að umhverfismengun, þar sem offramleiðsla og ofneysla hafa aukist í gegnum árin. Einnig fer mesta framleiðslan fram í láglaunalöndum til þess að halda kostnaði niðri og bitnar það oft á almennum mannréttindum, þar sem vinnuaðstæður eru oft lélegar og heilsuspillandi. Offramleiðsla er ekki eina vandamálið í textíliðnaði í dag. Mikið af kemískum efnum eru notuð í

framleiðsluferlum sem veldur umhverfismengun, svo ekki sé minnst á öll þau kíló af fatnaði sem fólk losar sig við árlega (Ásdís Jóelsdóttir, 2021, bls. 13, 23).

Sem betur fer eru mörg fyrirtæki farin að leggja aukna áherslu á langtímanotkun, endurvinnanlegan fatnað og endurnýtingu gamals fatnaðar. Einnig eru mörg fyrirtæki farin að reyna að framleiða föt á umhverfisvænni hátt, þar sem reynt er að taka út spilliefni og finna leiðir þar sem náttúruleg og niðurbrotanleg hráefni eru notuð. Mikilvægt er að fræða nemendur um framleiðsluferli textílafurða og stuðla að gagnrýnu viðhorfi til neyslu. Fatnaður er markaðssettur út frá því sem neytandinn vill og sækist í og á meðan neytendur sækjast í ódýran fjöldaframleiddan fatnað, er lítil pressa á textíliðnaðinn að breyta hegðun sinni. Það er samfélagsleg ábyrgð að versla aðeins við fyrirtæki sem framleiða fötin sín út frá umhverfissjónarmiðum (Ásdís Jóelsdóttir, 2021, bls. 25, 33, 37) og það eru stór tækifæri til þess að ræða þessi mál í textílkennslu.

Í gegnum árin hefur það verið nauðsynleg þekking að kunna að sauma og prjóna nýjar flíkur og notast við efni úr gömlum flíkum. Einnig var lögð áhersla á að kenna öllum að gera við föt á einfaldan hátt til þess að nýta flíkurnar sem best (Ásdís Jóelsdóttir, 2021, bls. 13). Sem dæmi má rifja upp það sem komið var inn á í námskrá frá árinu 1960, en þar var kennsla í því að gera við föt á einfaldan hátt það eina sem drengir áttu að læra sem tengdist textílmennt (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 55-56). Þessi hæfni styður við sjálfbærni, þar sem reynt er að lengja líftíma fatnaðar. Einnig er mikilvægt fyrir textílkennara að vera með verkefni þar sem notuð eru endurunnin efni til þess að sýna nemendum hvernig þeir geta tekið eitthvað gamalt og gefið því nýtt líf.

Jafnrétti

Jafnrétti innan skólasamfélagsins snýst um að allir hafi kost á því að þroskast á eigin forsendum og að allir hafi tækifæri til þess að rækta hæfileika sína í umhverfi sem sýnir umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti gagnvart hverjum einstaklingi. Það eru margir sem finna sig oft utangarðs í samfélaginu okkar og mikilvægt er fyrir kennara og nemendur að fræðast um hvað getur valdið mismunun og ræða um það og mynda gagnrýnar skoðanir á þessum málefnum. Kyn, kynhneigð, litarháttur, trúarbrögð, útlit, fötlun, þjóðerni, allt eru þetta hlutir sem geta valdið mismunun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 21-22). Það er hlutverk skólanna að kenna börnum að greina aðstæður sem geta orðið til þess að fólki sé mismunað og gera sér grein fyrir því hvað

forréttindi eru og jafnrétti á einnig að vera hluti af andrúmslofti og öllu skólastarfi (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 6).

Jafnréttismál kynjanna er mjög mikilvægt viðfangsefni og skólakerfið á að gera bæði kynin jafn tilbúin til þess að taka jafnan þátt í samfélaginu og það á einnig að leggja áherslu á að allir eigi að hafa sömu möguleika í lífinu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 22). Jafnrétti er hins vegar mun stærra hugtak og nær til fleiri þátta. Allir eiga að hafa hlutverk og allir geta og eiga að hafa kost á því að taka þátt í samfélaginu á sínum eigin forsendum. Það þýðir að sambærilegir hlutir eiga rétt á sambærilegri meðferð, en einnig er jafnrétti það að gefa öllum kost á því sama og eru oft mismunandi meðferðir notaðar til þess að hafa alla á sama grundvelli. Dæmi um það eru sérúrræði fyrir nemendur, þar sem markmiðið er að gefa þeim kost á að standa jöfnum fótum á við samnemendur sína (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 6, 8).

Skóli á aðgreiningar er stefna sem rík er af jafnrétti, þar sem unnið er að því að koma í veg fyrir útilokun barna sem standa höllum fæti í skólakerfinu. Stefnan horfir svo á að einsleitni sé hafnað og þess í stað sé margbreytileikanum fagnað. Dæmi um börn sem þessi stefna leitast við að styðja við eru börn sem hafa litla eða enga íslenskukunnáttu, börn sem búa við fötlun, eða önnur börn og unglingar sem skera sig úr hópnum. Allir eiga að geta fundið sinn stað innan skólaveggjanna og finnast þeim vel tekið og mikilvægt er að unnið sé að því að þessi hópur nemenda taki virkan þátt í skólastarfinu (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 8-10).

Jafnrétti sem hluti af textílmennt vinnur með það að hægt sé að finna verkefni sem henta öllum nemendum, hvort sem þurfi að finna eða útbúa annað verkefni eða breyta því hvernig verkefnið er lagt upp þannig að það henti betur. Textílmennt er gott fag á þann hátt að það er hægt að nálgast efnið á svo marga mismunandi vegu og mikilvægt að hafa í huga að allir nemendur geti skapað eitthvað og unnið skapandi starf út frá sínum forsendum og getu. Til að fylgja eftir jafnrétti er mikilvægt að hafa opinn huga og geta gripið í önnur verkefni ef það hentar nemendum betur. Nemendurnir hafa mismunandi bakgrunni og eru með mismunandi getu og hæfileika og mikilvægt er að allir fái að vinna út frá sínum forsendum.

Heilbrigði og velferð

Andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan eru allt hugtök sem falla undir *heilbrigði og velferð* í skólakerfinu. Skólunum ber skylda til þess að efla heilbrigði nemenda, stuðla markvisst að velferð þeirra og vellíðan og byggja upp jákvæðan skólabrag. Það er því mikilvægt að nemendur fái fræðslu um jákvæða sjálfsmynd og andlega vellíðan, hreyfingu, hvað sé góð næring, mikilvægi hvíldar, góð samskipti, öryggi, hreinlæti og kynheilbrigði. Einnig er mikilvægt að nemendur læri hvaða áhrif umhverfið getur haft á þá, eins og menning, fjölmiðlar og tækni. Starfsmenn skólanna þurfa að fá fræðslu í þessum efnum til þess að geta byggt upp heilsutengdar forvarnir sem nýtast nemendum til góðs (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 23).

Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda er í fyrirrúmi, ásamt því að efla færni þeirra í samskiptum, ákvarðanatökum markmiðasetningu og streitustjórnun. Til þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda, er mikilvægt að gefa þeim tækifæri til þess að þróa áhugamál sín og styrkleika samhliða náminu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 23). Skóli er eins og annað heimili fyrir börn sem stendur þeim opin í yfir 10 ár og börn eyða þar stórum hluta af hverjum virkum degi yfir veturinn. Skólunum ber því að skapa aðstæður sem stuðla að bættri andlegri heilsu og sem styrkja félagslega líðan barna og ungmenna. Þar sem börnin eyða stærstum hluta skóladagsins umlukin öðrum börnum, fer stærsti hluti af félagsmótun þeirra fram í skólanum og samhliða því efling sjálfsmyndar og hæfileikar í samskiptum (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013, bls. 8).

Í skólanum gefst einnig tækifæri til þess að efla líkamlega heilsu barna með markvissri hreyfingu og stuðla að jákvæðu viðhorfi barna til útiveru, hreyfingar og hollra lífshátta. Skólanum ber að vinna að svo miklu meiru en aðeins bóklegu námi og er mikilvægt að starfsmenn skóla geri sér grein fyrir því hvernig gott heilbrigðisstarf getur mótað börn á jákvæðan hátt. Mörg börn standa höllum fæti, hvort sem það er vegna heimilisaðstæðna, námslega eða þroskalega og með því að stuðla að hollu mataræði í skólunum, stunda og hvetja til reglulegrar hreyfingar og gefa nemendum tækifæri til að hvílast, er verið að hjálpa þessum börnum að vinna gegn einkennum álags sem geta komið út frá aðstæðum þeirra (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013, bls. 8-9).

Ef skólar stefna að því að vera heilsueflandi grunnskólar, er mikilvægt að setja fram heildstæða og skýra stefnu, þar sem farið er yfir hvernig eigi að koma að mataræði, tannheilsu, hreyfingu, geðrækt og öllu því sem tengist heilsu hjá starfsfólki, nemendum og nærsamfélagi

(Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013, bls. 10). Það eru ekki margir hlutir sem hægt er að tengja við þegar kemur að textílkennslu og heilbrigði. Aðaltengingin þar á milli er að tryggja aðgang að fjölbreyttu námi sem hentar öllum og stuðlar þannig að jákvæðni. Einnig er mikilvægt fyrir kennara að fræða nemendur um mismunandi getu, hvort sem um er að ræða handverk eða bóklegar greinar og aðalmarkmiðið í textílmennt er að skapa út frá sínum eigin forsendum og hugmyndum, en ekki bera sig saman við aðra.

Lýðræði og mannréttindi

Hugtakið *lýðræði* hefur verið til umræðu í aðalnámskrám áður, fyrst árið 1974, en hefur þó ekki verið tekið jafn vel fyrir og í grunnþáttum menntunar sem komu með nýjustu aðalnámskránni 2011/2013. Hugtakið *mannréttindi* hefur aftur á móti lítið komið fyrir í aðalnámskrám fyrr en en með þeirri sem gefin var út 2011 (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 17). Þessi grunnþáttur stuðlar að því að undirbúa nemendur fyrir það að taka þátt í lýðræðissamfélagi, þar sem mikilvægt er að taka afstöðu til álitamála og þannig taka virkan þátt í mótun samfélagsins. Til að það gangi eftir er mikilvægt að kenna gildi hvers manns og hver mannréttindi allra eru og rækta þessi viðhorf í öllum þeim sem koma að skólastarfinu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 2013). Til þess að byggja þetta upp er mikilvægt að rökræða við nemendur um hin ýmsu mál og hvetja til og byggja upp gagnrýna hugsun, þar sem nemendur fá að koma eigin skoðunum á framfæri. Samhliða því er mikilvægt að sýna fram á að kennarinn viti ekki og þurfi ekki að vita allt og því eru rökræður stundum þarfar og gagnlegar til þess að komast að niðurstöðu á jafnræðisgrundvelli (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 14-16).

Ein mikilvægasta nálgunin á skólastarfið, ef horft er til lýðræðis, er að tekið sé tekið tillit til áhugasviðs nemenda. Nemendur eiga einnig rétt á því að læra í umhverfi þar sem tekið er tillit til þeirra, hvort sem það er að koma til móts við þroskaskerðingar, námsörðugleika eða öðruvísi hæfileikasvið (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 21). Lýðræði í textílmennt getur unnið út frá því að nemendur fái verkefni við sitt hæfi, sem taki mið af getu, þroska eða skerðingu og er það starf kennarans að koma til móts við nemendur. Textílmennt er fjölhæf á þann hátt að það er úr mörgu að velja þegar kemur að efni og aðferðum og hægt að finna eitthvað sem hentar öllum.

Læsi

Þó að hugtakið *grunnþættir menntunar* hafi ekki komið formlega fram fyrr en í almennum hluta nýjustu aðalnámskrárnar 2011/2013, þá hafa grunnþættirnir sjálfir verið virkur hluti af skólastarfi í öðrum myndum og áherslum. Hugtakið *læsi* hafði verið notað áður og læsi á umhverfið var sem dæmi stór þáttur í aðalnámskrá 1989, þar sem ætlast var til þess að kennsla og kennsluhættir ynnu með það að nemendur áttuðu sig á verðmæti umhverfi síns og að þeir lærðu að meta það (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 89).

Hugtakið læsi er margbrotið og snúið og engin ein rétt leið til þess að horfa á það eða útskýra. Grunnurinn er hæfnin að læra bókstafi, mynda hljóð þeirra og rita, sem skapar síðan hæfileikann til þess að mynda orð og setningar. Læsi byggist líka á því að byggja upp getu til þess að ráða í þá hugsun og merkingu sem liggur á bak við ritmálið eða orðin og til þess þurfum við að geta tengt efni við okkar eigin reynslu og upplifanir. Þannig snýst læsi um samband orðanna við umhverfi okkar, raunveruleikann og allt það sem við tökum okkur fyrir hendur (Stefán Jökull, 2012, bls. 6, 10). Það er einnig félagslegt í eðli sínu, þar sem merking orða og hvernig komið er að málnotkun byggist á samkomulagi manna sem myndast út frá hefðum (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls. 18).

Heimurinn okkar er mun tengdari eftir tilkomu netsins, þar sem öflun upplýsinga er mun auðveldari, ásamt því að mismunandi skoðanir, menningarheimar og hugmyndir eru aðgengilegri. Allt þetta hefur áhrif á hugarheim okkar og hvernig við upplifum heiminn, ásamt því að gefa okkur fjölbreyttari leiðir til þess að tjá okkur og miðla frá okkur upplýsingum. Þannig hefur starf kennarans einnig breyst í gegnum árin og snýst ekki lengur aðeins um það að miðla þekkingu og upplýsingum til nemenda, heldur að kenna þeim að spyrja spurninga og hvernig eigi að leita svara með ólíkum leiðum (Stefán Jökull, 2012, bls. 6-8).

Í textílmennt eru nemendur að læra nýjan orðaforða og hugtök sem þeir hafa margir hverjir ekki heyrt áður. Því er það starf kennarans að tengja þessi nýju orð og hugtök við hluti og aðferðir, samhliða því að kenna nemendum vinnubrögðin sem tengjast þeim. Því er mikilvægt að kennarar í textílmennt fræði sig um læsi, þar sem það gefur þeim innsýn í hvað og hvernig þeir ættu að skipuleggja kennslustundirnar sínar þannig að það skili sér sem best til nemenda, bæði þegar kemur að verkefnalýsingum og hvernig kennari talar og útskýrir fyrir nemendum (Stefán Jökull, 2012, bls. 30). Eitt af meginmarkmiðum í læsi er að nemendur fái tækifæri til þess að skapa eitthvað út frá sínum eigin hugarheimi á sinn persónulega hátt, þar

sem merkingasköpun er mismunandi á milli einstaklinga og textílmennt gefur nemendum mörg tækifæri til þess (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 19).

Samantekt

Í kaflanum um grunnþættir menntunar hefur verið farið yfir það hvernig þeir blandast allir saman á einhvern hátt og í raun er ómögulegt að kenna aðeins út frá einhverjum einum þætti. Skilningur á öllum sex þáttunum, hvernig eigi að kenna þá og blanda þeim inn í kennslustundirnar er mikilvæg þekking fyrir alla kennara. Það býður upp á ríkari kennslu fyrir nemendur, þar sem unnið er meira með það að byggja þá upp sem einstaklinga. En það er ekki nóg fyrir kennara að þekkja grunnþættina. Hann þarf líka að hafa yfirgripsmikla þekkingu á textílmennt og hafa aðgang að áhugaverðum verkefnum sem nemendur geta gert. Í næsta kafla verður því kynnt til sögunnar vefsíða sem hefur verið hugsuð sem kennslu- og hjálparefni í textílmennt, bæði fyrir kennara og nemendur.

3 Textílmenntakennarinn

Vefsíðan *Textílmenntakennarinn* er hugsuð til þess að koma til móts við kennara sem eru óöruggir í greininni, kennara sem vantar upplýsingar um eitthvað efni tengt greininni eða kennara sem vantar hugmyndir að nýjum verkefnum. Linkinn á síðuna má finna undir viðauka 1.

3.1 Uppsetning síðunnar

Á forsíðu síðunnar má sjá kynningu á verkefninu, ásamt ágripi og er uppsetningin hugsuð eins og forsíða fyrir verkefnið. Mynd 4 sýnir forsíðu vefsíðunnar eins og hún lítur út í dag.



Mynd 4: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af forsíðu vefsíðunnar „Textílmenntakennarinn“.

Um síðuna

Næsti flipi á eftir forsíðunni heitir *Um síðuna* og þar er útskýrt hvernig síðan er uppbyggð og hvernig verkefni eru flokkuð, eins og sjá má á Mynd 5. Fyrst kemur formálinn, sem einnig er að finna í þessari ritgerð og síðan er farið yfir flipana í þeirri röð sem þeir koma fyrir. Fyrst er farið yfir hvernig verkefnum er skipt niður og síðan nánar hvernig verkefni eru sett upp, en farið verður nánar út í það í kaflanum

The screenshot shows a slide with a dark background and white text. The title 'Um síðuna' is at the top. Below it is a green header for 'Formáli'. The main text under 'Formáli' reads: 'Ég vona að þetta verkefni geti stutt við áframhaldandi textilkennslu í grunnskólum landsins. Textilkennsla býður uppá svo margt fleira en bara að þrjúna og sauma og hæfnin sem liggur að baki verkefna getur gefið nemendum svo margt. Því er von mín að verkefni sem ég hef sett saman geti gefið nemendum ánægjuna af því að skapa eitthvað út frá sínu eigin hugmyndunarflugl.' Below this is another green header for 'Uppsetning síðunnar'. Underneath is a section titled 'Verkefni' with a paragraph: 'Undir flípanum verkefni er hægt að finna tilbúin textilverkefni fyrir grunnskólanemendur. Verkefni eru mismunandi og eru þau flokkuð eftir stigum til þess að einfalda skiptingu þeirra. Hins vegar er það kennara að meta hvaða verkefni hentar sínum hóp þar sem nemendur eru fjölbreyttir og með mismunandi getu og reynslu í textilkennslu. Undir hverju stigi er síðan búið að flokka verkefni eftir textilaðferð.' At the bottom, there is a table with three columns: 'Yngsta stig', 'Miðstig', and 'Unglingastig'. The table content is as follows:

Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
Undir yngsta stig má finna verkefni ætluð 1.-4. bekk.	Undir miðstig má finna verkefni ætluð 5.-7. bekk.	Undir unglíngastig má finna verkefni ætluð 8.-10. bekk.


Mynd 5: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af „Um síðuna“ frá vefsíðunni „Textílmenntakennarinn“.

Verkefni. Næst á eftir verkefnum er farið yfir það hvernig hlutir eru flokkaðir undir *Bjargir* og síðan er sagt frá því hvernig unnið er með heimildir á síðunni. Ritaðar heimildir og myndaheimildir eru settar í fót á þeim síðum þar sem við á, með tilvísanir í texta eftir APA-kerfinu. Myndir sem ekki eru teknar af höfundi eru númeraðar og síðan er heimildunum safnað saman neðst á hverri síðu, þar sem nákvæm myndaskráning er til staðar. Tekið er fram að myndir sem hafa engan texta eða merkingu séu teknar af höfundi. Að lokum er svo þessi B.Ed.-ritgerð aðgengileg sem PDF skjal fyrir áhugasama.

Verkefni

Undir flípanum *Verkefni* er hægt að finna tilbúin textilverkefni fyrir grunnskólanemendur. Verkefni eru mismunandi og eru flokkuð eftir stigum til þess að einfalda skiptingu þeirra og hægt er að velja að skoða verkefni fyrir hvert stig. Þó að verkefnum sé skipt niður eftir stigum, er það kennarans að meta hvaða verkefni henta sínum hópi best, þar sem nemendur eru fjölbreyttir og með mismunandi getu og reynslu í textilkennslu.

Eftir að stig hefur verið valið, er manni beint inn á síðu tileinkaða því stigi. Þar er verkefnum skipt niður eftir tegund textílaðferðar, eins og vefnaði, prjóni, hekli, saum o.s.frv., eins og sjá má á Mynd 6. Hugmyndin er að hægt sé að velja verkefni eftir því hvaða aðferð kennarinn vill vinna með og því auðvelt að sjá mismunandi verkefni sem vinna með það.



Mynd 6: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot tekið að verkefnum fyrir yngsta stig af síðunni "Textílmenntakennarinn".

Þegar verkefni hefur verið

valið kemur síða verkefnisins upp, eins og sjá má á Mynd 7. Efst á síðunni er nafn verkefnisins og nafn höfundarins sem hannaði verkefnið. Fyrir neðan það er kveikjan fyrir verkefnið og farið yfir það fyrir hverja verkefnið hentar. Þar fyrir neðan er síðan farið yfir efni og gögn sem þarf fyrir verkefnið og einnig hversu langan tíma kennarinn má gera ráð fyrir að verkefnið taki. Einnig er þar að finna verkefnalýsinguna á PDF-formi, þar sem finna má ítarlegar kennsluleiðbeiningar

um verkefnið á tilbúnu, prentanlegu formi.

Fyrir neðan upplýsingarnar um verkefnið má finna verkefnalýsingu, þar sem hvert skref er sýnt með myndum og ítarlegum útskýringum. Þar á eftir er farið yfir það með hvaða námsmarkmið úr aðalnámskrá verkefnið vinnur.

Rúmfatadýr
Höfundur: Ingibjörg Ómarsdóttir

Verkefnið snýr að því að nýta endurrunnið efni til þess að búa til eitthvað nýtt. Bylgjupappi er notaður fyrir vefspjöld, rúmföt eru rifin niður í garn til þess að vefa úr og að lokum er vefnaðurinn skreyttur þannig að úr verða til litskrúðug dýr.

Verkefnið hentar vel sem fyrsta verkefni í textílmennt og til þess að byrja að æfa fínreyfingar, ásamt því að sýna nemendum hvernig hægt er að nota eitthvað sem virðist ónýtt til þess að búa til eitthvað nýtt.

Efni	Gögn	Áætlaður tími fyrir verkefnið	Verkefnalýsing til útprenntunar
Garn úr rúmfötum	Skæri	4 x 40mín	
Garn	Nálar		
Filtefni í mismunandi litum	Bylgjupappavefspjöld (einnig hægt að nota veframma)		
Googly augu	Bylgjupappavefspjöld		
Lím			
Tússlitir			

Mynd 7: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af verkefninu Rúmfatadýr af vefsíðunni "Textílmenntakennarinn".

Rúmfatadýr

Höfundur: Ingibjörg Ómarsdóttir
Tekið af Textilkennarinn
Síða: <https://sites.google.com/view/textilkennarinn>



VERKEFNALÝSING

1. Gera vefspjöld tilbúin (sjá neðar).
2. Klippa út pappanálar eða nota nálar með nógu stóru auga sem rúmtötin komast í gegnum.
3. Undirbúa rúmfatagarn (sjá neðar).
4. Snúa spjaldinu upp þannig að spottarnir á vefspjaldinu koma beint niður. Klippa þægilega lengju af garni, binda endann við fyrsta þráð á veframma og þræða nálina.
5. Vefa á víxl undir og yfir þræðina fram og til baka þar til að búið er að fylla út allt spjaldið. Mikilvægt er að þrýsta efninu vel saman svo að það verði þéttfíð. Þegar skipta þarf um þráð er nóg að binda endana saman og halda áfram. Hægt er að vefa endana á sama tíma með, eða ganga frá þeim eftir á.
6. Þegar búið er að fylla vefspjaldið er því snúið við og

SKÓLASTIG

Yngsta stig

ÞAÐ SEM ÞARF

Skæri
Nálar (einnig hægt að nota pappanálar)
Bylgjuappa vefspjöld (einnig hægt að nota veframma)

EFNI

Garn úr rúmfötum


Mynd 8: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af PDF verkefnalýsingu um Rúmfatadýr.

Því næst er farið yfir undirbúning kennara og hvað hann má búast við að þurfa að gera áður en byrjað er á verkefninu með nemendum og síðan hvað þarf að gera á meðan nemendur vinna verkefnið. Að lokum eru myndir af verkefnum nemenda sem hafa unnið verkefnið áður og hjálparefni, eins og úrklippur og annað sem gæti þurft til að framkvæma verkefnið.

Mynd 8 sýnir síðan hvernig PDF verkefnalýsingarnar eru settar upp. Þar er ekki stuðst við myndir til útskýringar, aðeins texta og námsmarkmið og undirbúningur er heldur ekki á þessu skjali, þar sem gert er ráð fyrir því að kennari hafi lesið um hann á síðunni. Verkefnið er aðallega hugsað til útprentunar, þannig að hægt sé að hafa verkefnalýsinguna í kennslu.

Textílaðferðir

Næsti flipi heitir *Textílaðferðir*, þar sem upplýsingar um textílaðferðir eru aðgengilegar. Það eru sex flokkar í boði: Þrjón, hekl, saumur, útsaumur, vefnaður og aðrar aðferðir og sjá má þrjár af þeim á Mynd 9. Undir hverjum flokki er/verður síðan hægt að nálgast sögu textílgreinarinnar, helstu áhöld sem notuð eru og myndir af þeim, helstu aðferðir ásamt mynda-útskýringum og myndböndum ef við á og síðan verða tenglar inn á verkefni sem vinna með þá textílaðferð sem verið er að fræðast um.



Mynd 9: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af undirsíðunni Textílaðferðir af síðunni "Textílmenntakennarinn".

Bjargir

Síðasti flipinn nefnist *Bjargir* og undir honum er að finna ýmiss konar upplýsingar og aðferðir sem gott getur verið fyrir textílkennara að þekkja og kunna skil á. Þar er sem dæmi síða fyrir efnisfræði, þar sem farið er yfir helstu eiginleika og gerð ýmissa efna og hvernig best sé að koma að meðhöndlun og notkun þannig efna. Efnisfræði er stór hluti af því að kenna nemendum um sjálfbærni tengda textíliðnaðinum og því mikilvægt að hafa gott



Prjón					
Íslenska	Enska	Þýska	Danska	Pólska	Spænska
Aftan í lykkjuna	Through back loop (tbl.)	Click to edit text	Click to edit text	Click to edit text	Click to edit text
Aukið eina lykkju út	Make one stitch (M1)	Aus dem Querfaden zunehmen	Click to edit text	Click to edit text	Aumentar (haciendo uno)
Aukning	Increase (inc.)	Zunehmen (zun.)	Udtagning (udt.)	Click to edit text	Aumentos(s), aumentar
Brugðning	Ribbing	Bündchen	Rib	Click to edit text	Punto resorte

Mynd 10: Ingibjörg Ómarsdóttir, 2023, skjáskot af undirsíðunni Þýðingar af vefsíðunni "Textílmenntakennarinn."

fræðslu- og kennsluefni aðgengilegt fyrir bæði nemendur og kennara. Aðalnámskránnar komu flestar inn á mikilvægi þess að kenna nemendum á mismunandi gerðir, eðli og eiginleika efna sem notuð eru og hvernig hægt sé að nota þau. Einnig er mikilvægt að kennari kenni nemendum að átta sig á notagildi efna, hvernig eigi að meðhöndla þau og hvaða verðmæti liggja að baki þeirra, með það að markmiði að nýta þau sem best (Aðalnámskrá grunnskóla 1989, bls. 92).

Undir björgum má einnig finna þýðingar á helstu hugtökum í textílmennt, þar sem má finna þýðingar á ensku, þýsku, dönsku, pólsku og spænsku. Hugmyndin á bak við þýðingarnar var að hjálpa kennurum að vinna með nemendum sem gætu verið með annað móðurmál en íslensku og væru enn í basli með íslenskuna. Þannig væri samt hægt að gefa þeim nemendum tækifæri til að taka þátt í kennslunni líkt og samnemendur þeirra, með því að gefa kennurum tæki til þess að gera sig skiljanlega. Að lokum má einnig finna stærðartöflu undir björgum, þar sem farið er yfir stærðarmerkingar fyrir börn, krakka, unglunga, konur og karla. Að hafa það aðgengilegt getur hjálpað nemendum og kennurum að velja hvaða stærð af sniði eða uppskrift eigi að nota í hinum ýmsu verkefnum sem í boði eru.

Vefsíðan er ekki fullbúin, þar sem það er endalaust hægt að bæta við frekari upplýsingum, verkefnum og fræðslu sem gætu gagnast kennurum. Markmiðið er að vefsíðan geti gagnast öllum þeim sem hafa áhuga á textíl, hvort sem það er með því að auka við sig

þekkingu, sækjast í kennsluefni eða finna verkefni til þess að vinna með börnunum sínum. Við lærum svo miklu meira en aðeins viss handtök og aðferðir í textílmennt. Við þjálfum huga, fínhyfingar, gagnrýna hugsun og sýn og svo margt fleira sem hjálpar okkur síðan að kljást við önnur vandamál sem hafa ekkert með textílmennt að gera. Þess vegna er mikilvægt að gefa öllum tækifæri til þess að prófa textílmennt.

4 Lokaorð

Textílkennsla er ekki aðeins hugsuð til þess að kenna nemendum aðferðir sem þeir geta nýtt sér til tómstundaiðju. Hún snýst aðallega um að þjálfa tengingu á milli hugar og handar og byggja upp sjálfstraust, þolinmæði og gagnrýna hugsun nemenda. Þessi áhersla er greinileg þegar aðalnámskrárnar eru bornar saman. Fyrstu aðalnámskrárnar fóru mjög djúpt í það hversu mikla áherslu ætti að leggja á þrjón, hekl, útsaum og vefnað og hvaða aðferðir ætti að kenna. Nýjustu aðalnámskrárnar horfa hins vegar frekar á hvaða eiginleika og færni eigi að kenna nemendum. Þannig er farið að horfa meira á mismunandi getu og eiginleika nemenda og kennslan á aðallega að snúast um að halda áfram að byggja þá upp og styðja. Einnig má sjá þessa stefnu menntayfirvalda skýrar þegar grunnþáttum menntunar er bætt við og horft á hvernig þeir tengjast inn í kennslu. Allir grunnþættir eiga heima inni í öllum fögum skólanna og textílmennt er þar engin undantekning. Því er mikilvægt fyrir alla kennara í dag að fræðast um mismunandi kennsluaðferðir til þess að reyna að koma til móts við alla nemendur og fylgja eftir aðalnámskrá og grunnþáttum menntunar.

Þegar á heildina er litið er mikilvægt að hafa í huga að nemendur læra á fjölbreyttan hátt og mikilvægt er að hafa í huga að þeir eiga einnig að fá tækifæri til þess. Verklegar greinar henta sumum nemendum betur en bókleg fög og því er mikilvægt að halda þessum greinum lifandi innan grunnskólanna. Vefsíðan *Textílmenntakennarinn* er hugsuð til þess að reyna að gera textílmenntakennurum auðveldara fyrir í þessum efnum og inniheldur verkefni og upplýsingar sem geta aðstoðað kennara í starfi.

5 Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla /1976.

Aðalnámskrá grunnskóla /1989.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.

Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 1999 /1999.

Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 2007/2007.

Aðalnámskrá grunnskóla: Mynd- og handmennt /1977.

Ásdís Jóelsdóttir. (2021). Sjálfbærni í textíl: neysla, nýting og nýsköpun. Höfundur.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Sköpun:

Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Jafnrétti:

Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). Heilbrigði og

velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið (1960). *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*.

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). Lýðræði og mannréttindi:

Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Sigrún Helgadóttir. (2013). Sjálfbærni: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Stefán Jökull. (2012). Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Viðauki

Viðauki 1 - Vefsíðan

Hér má finna linkinn sem leiðir inn á vefsíðuna *Textílmenntakennarinn*:

<https://sites.google.com/view/textilkennarinn/home>